

Vestfjarðastofa ses.
Ársreikningur
2024

Vestfjarðastofa ses.
Árnagata 2-4
400 Ísafjörður
kt. 580518-1170

Vestfjarðastofa ses. Ársreikningur 2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðenda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11
Yfirlit deilda	12

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Vestfjarðastofu ses.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vestfjarðastofu ses. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Vestfjarðastofu á árinu 2024, efnahag hennar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Vestfjarðastofu ses. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Vestfjarðastofu ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggtrar myndar.
- Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan félagsins, til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar félagsins. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði, 2025

Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Bjarki Bjarnason
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Vestfjarðastofu ses. fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Vestfjarðastofa sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. Áður höfðu Markaðsstofa Vestfjarða og Menningarfulltrúi Vestfjarða sameinast skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga. Stofnfundur Vestfjarðastofu ses. var þann 1. desember 2017 og tók Vestfjarðastofa ses. yfir starfsemi og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 1. júlí 2018.

Starfsemin á árinu	2024	2023
Rekstrartekjur félagsins námu.....	341.760.921	294.461.080
Rekstrarniðurstaða.....	226.445	5.345.640
Fjöldi ársverka nam.....	13,4	12,8
Eignir félagsins námu.....	31.12.2024 92.422.155	31.12.2023 93.350.754
Bókfært eigið fé nam.....	15.585.414	15.358.969
Eignfjárlutfall félagsins nam.....	16,9%	16,5%

Stofnfé Vestfjarðastofu ses. er 2,8 milljónir og skiptist á 28 aðila sem hver um sig lagði fram 100 þúsund króna stofnframlag.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum.

Starfsemi Vestfjarðastofu ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðapróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í viðum skilningi.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu ses. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Vestfjarðastofu ses. í árslok, rekstri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2024.

Stjórn Vestfjarðastofu ses. staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2024 með undirritun sinni og leggur til við aðalfund að hann verði samþykktur.

Ísafjörður 2025

Gylfi Ólafsson , formaður

Dagný Finnbjörnsdóttir

Hildur Aradóttir

Freyja Ragnarsdóttir Pedersen

Magnús Ingi Jónsson

Gauti Geirsson

Elísabet Gunnarsdóttir

Sædís Ólöf Þórsdóttir

Lilja Sigurðardóttir

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir		316.229.326	274.777.695
Aðrar tekjur		25.531.595	19.683.385
		<u>341.760.921</u>	<u>294.461.080</u>
Rekstrargjöld			
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(214.878.736)	(186.915.679)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(27.203.892)	(25.260.259)
Kostnaður vegna verkefna		(102.836.808)	(80.651.781)
		<u>(344.919.436)</u>	<u>(292.827.719)</u>
		(3.158.515)	1.633.361
Fjármunatekjur		3.486.051	3.787.784
Fjármagnsgjöld		(101.091)	(75.505)
	5	<u>3.384.960</u>	<u>3.712.279</u>
Rekstrarniðurstaða		<u>226.445</u>	<u>5.345.640</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Stofnfé í sjálfseignarstofnunum		380.667	380.667
		<u>380.667</u>	<u>380.667</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og óinnkomnir styrkir		36.530.907	33.490.170
Handbært fé		55.510.581	59.479.917
		<u>92.041.488</u>	<u>92.970.087</u>
Eignir		<u>92.422.155</u>	<u>93.350.754</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	6		
Stofnfé		2.800.000	2.800.000
Óráðstafað eigið fé		12.558.969	7.213.329
Rekstrarafkoma		226.445	5.345.640
Eigið fé		<u>15.585.414</u>	<u>15.358.969</u>
Skammtímaskuldir			
Óhafnir styrkir		23.715.926	16.900.577
Viðskiptaskuldir		4.298.946	0
Ógreidd laun og launatengd gjöld		27.780.437	22.794.965
Ónotaðir styrkir og fyrirframgr. tekjur		19.885.000	37.350.596
Aðrar skammtímaskuldir		1.156.432	945.647
		<u>76.836.741</u>	<u>77.991.785</u>
Skuldir		<u>76.836.741</u>	<u>77.991.785</u>
Eigið fé og skuldir		<u>92.422.155</u>	<u>93.350.754</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma		(3.158.515)	1.633.361
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(3.158.515)	1.633.361
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun)		(3.040.737)	(21.470.006)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun)		(1.155.044)	(17.867.652)
Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta		(7.354.296)	(37.704.297)
Innborgaðir vextir og arður		3.486.051	3.787.784
Greiddir vextir		(101.091)	(75.505)
Handbært fé til rekstrar		(3.969.336)	(33.992.018)
Lækkun handbærs fjár		(3.969.336)	(33.992.018)
Handbært fé í upphafi árs		59.479.917	93.471.935
Handbært fé í lok árs		55.510.581	59.479.917

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Vestfjarðastofa sjálfseignastofnunar (ses) er stofnuð á grunni skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. Áður höfðu Markaðsstofa Vestfjarða og Menningarfulltrúi Vestfjarða sameinast skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Stofnfundur Vestfjarðastofu ses. var þann 1. desember 2017 og tók Vestfjarðastofa ses. yfir starfsemi og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 1. júlí 2018.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun	173.706.977	150.213.994
Lífeyrissjóður	23.594.010	20.846.729
Önnur launatengd gjöld	16.845.455	14.570.382
Lífeyrisskuldbinding	194.986	194.986
Annar starfsmannakostnaður	537.308	1.089.588
	<u>214.878.736</u>	<u>186.915.679</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	13,4	12,8
------------------------------	------	------

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	3.459.810	3.758.055
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	26.241	29.729
	<u>3.486.051</u>	<u>3.787.784</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(101.091)	(75.505)
Dráttarvaxtagjöld	0	0
	<u>(101.091)</u>	<u>(75.505)</u>
	<u>3.384.960</u>	<u>3.712.279</u>

6. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	2.800.000	7.213.329	10.013.329
Rekstrarafkoma ársins		5.345.640	5.345.640
Eigið fé 1.1.2024	2.800.000	12.558.969	15.358.969
Rekstrarafkoma ársins		226.445	226.445
Eigið fé 31.12.2024	<u>2.800.000</u>	<u>12.785.414</u>	<u>15.585.414</u>

7. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Verksamningar

Þegar unnt er að meta stöðu verktakasamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur og gjöld skráð eftir framvindu samnings á reikningsskiladegi. Skráningin miðast við hlutfall áfallins kostnaðar samkvæmt ákvæðum samningsins á reikningsskiladegi.

Þegar ekki er unnt að meta stöðu verktakasamnings með áreiðanlegum hætti eru tekjur skráðar í hlutfalli við áfallinn kostnað sem líklegt er að verði endurkræfur. Kostnaður vegna verktakasamnings er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Þegar líkur eru á tapi af verktakasamningi er hið áætlaða tap fært strax til gjalda.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sundurliðanir

Rekstrartekjur

	2024	2023
FV-VFS v. rekstur skrifstofu-Jöfnunarsjóður	41.000.000	36.000.000
FV-VFS v. sóknaráætlun	65.236.266	41.500.000
FV-VFS Framlag Byggðast. v. atvinnuþróun	40.693.750	41.681.746
FV-VFS v. þróun sóknaráætlun-Jöfnunarsjóður	6.851.325	6.200.000
FV-VFS rekstur skrifstofu-sveitarfélög	42.800.000	41.500.000
FV-VFS v. sérverkefni	9.351.463	0
Framlög ferðamálastofu	22.000.000	22.000.000
Verkefnastyrkir	16.530.926	11.389.549
Brothættar byggðir	15.000.000	18.000.000
Styrkir vegna brothættra byggða	33.500.000	37.500.000
Verkefnatekjur frá ráðneytum	5.800.000	5.306.400
Framlög f.f.ári nýtt á árinu	32.850.596	16.200.000
Framlög flutt til næsta árs.	(15.385.000)	(2.500.000)
	<u>316.229.326</u>	<u>274.777.695</u>

Aðrar tekjur

	2024	2023
Endurgr. v. þjónustu bókara	4.940.000	4.440.000
Endurgr. útlagður kostnaður	1.829.745	2.711.035
Auglýsingar	440.930	962.000
RECET evrópuverkefni	8.179.938	7.240.976
RCET evrópuverkefni tekjur fluttar til næsta árs		(4.190.331)
Ýmsar tekjur	7.095.982	3.144.705
Argjald Markaðsstofu	3.045.000	5.375.000
	<u>25.531.595</u>	<u>19.683.385</u>

Laun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Vinnulaun	172.627.545	147.878.343
Tryggingagjald	12.549.620	10.883.501
Lífeyrissjóður	23.594.010	20.846.729
Sjúkra- og orlofsheimilassjóður	4.295.835	3.686.881
Áunnið orlof, breyting	1.079.432	2.335.651
Annar starfsmannakostnaður	537.308	1.089.588
Lífeyrisskuldbinding	194.986	194.986
	<u>214.878.736</u>	<u>186.915.679</u>

Sundurliðanir

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2024	2023
Húsaleiga	16.543.846	12.320.824
Rekstur og viðhald skrifst. véla og tækja	100.000	0
Afnotagjöld	1.270.996	1.532.842
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	553.683	881.100
Sími, Internet og burðargjöld	637.459	866.873
Pappír, prentun og ritföng	343.545	207.117
Endurskoðun og reikningsskil	1.796.919	1.704.272
Skrifstofutæki og áhöld	4.219.659	3.844.004
Tryggingar	452.579	444.753
Auglýsingar	907.235	686.957
Annar kostnaður	377.971	2.771.517
	<u>27.203.892</u>	<u>25.260.259</u>

Kostnaður vegna verkefna

	2024	2023
Fundir og ferðir vegna verkefna	17.753.993	11.218.940
Aðkeyptir verktakar vegna verkefna	14.644.780	14.248.123
Markaðsmál ferðarþjónustu	1.511.709	3.610.737
Styrkir áherslu verkefna í umsjón VFS	60.880.926	37.649.000
Bífreiðastyrkir og aksturskostnaður	1.410.000	2.668.757
Dagpeningar	4.045.901	4.609.677
Vefir og samfélagsmiðlar	1.936.148	6.051.919
Auglýsingar	653.351	594.628
	<u>102.836.808</u>	<u>80.651.781</u>

Vestfjarðastofu ses. fyrir árið 2024

Rekstrarreikningur	Samtals	Rekstur skrifstofu	Sóknaráætlun	Atvinnu- og byggðapróun	Byggðamat og samfélag	Markaður og menning
Framlög og styrkir	316.229.326	35.734.934	17.851.325	130.975.304	74.466.497	57.201.266
Aðrar tekjur	25.531.595	6.061.501	0	4.982.142	4.266.040	10.221.912
Laun og annar starfsmannakostnaður	(214.878.736)	(33.380.425)	(14.207.419)	(76.160.781)	(51.623.591)	(39.506.520)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(27.203.892)	(9.189.290)	(1.437.257)	(8.155.918)	(4.199.074)	(4.222.353)
Kostnaður vegna verkefna	(102.836.808)	(1.307.261)	(3.415.569)	(51.617.557)	(22.868.273)	(23.628.148)
Rekstraniðurstaða f. Fjármagnsl.	(3.158.515)	(2.080.541)	(1.208.920)	23.190	41.599	66.157
Fjármunatekjur	3.486.051	3.486.051	0	0	0	0
Fjármagnsgjöld	(101.091)	(99.226)	0	0	(1.500)	(365)
	3.384.960	3.386.825	0	0	(1.500)	(365)
Rekstrarniðurstaða	226.445	1.306.284	(1.208.920)	23.190	40.099	65.792